

Auka fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 2. maí 2024 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritar fundargerð. Þróstur Aðalbjarnarson boðaði forföll með skömmum fyrirvara.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Ársreikningur 2023, fyrri umræða.

Ársreikningur 2023 lagður fram til fyrri umræðu.

Halldóra Ágústa Pálsdóttir, sérfræðingur hjá KPMG, kom á fundinn og Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, tengdist fundinum í gegnum fjarfundabúnað undir þessum lið. Halldóra og Lilja fóru yfir ársreikning 2023 og endurskoðunarskýrslu 2023.

Samþykkt samhljóða að vísa ársreikning 2023 til seinni umræðu.

2. Erindi frá Dr. Ulrike Taylor og Hans Henning Lehmann.

Erindi, dagsett 26. apríl 2024, frá Dr. Ulrike Taylor og Hans Henning Lehmann lagt fram.

Í erindinu óska þau eftir afstöðu sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps vegna áforma sinna um uppbyggingu á jörðinni Miklaholtsseli. Áform þeirra kalla á breytingar á núverandi uppbyggingarheimild á jörðinni.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps tekur vel í áform landeigenda um uppbyggingu í Miklaholtsseli og fagnar allri uppbyggingu í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til samstarfs við landeigendur í skipulagsmálum í Miklaholtsseli.

Oddvita falið að koma málinu í farveg og að svara erindinu.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:15.

Herdís Þórðardóttir – sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Sigurbjörg Ottesen - sign

